

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022:

Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd.

Um er að ræða breytingu vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd. Á sama tíma er auglýst deiliskipulag fyrir sama svæði.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Á nýju svæði er ætlunin að reisa nýjan gangnamannaskála, allt að 500m² með gistiþláss fyrir 60 manns. 300m² hesthús og aðrar byggingar 200m². Nýr skáli mun þjóna gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum. Á sama tíma er auglýst breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar. Skipulagsfulltrúi Húnavatnshrepps, Þorgils Magnússon

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps að Húnávöllum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, frá 23. apríl 2021 til 9. júní 2021 og er einnig til sýnis á heimasíðu Húnavatnshrepps, www.hunavatnshreppur.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 9. júní 2021.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi eða á netfangið byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is.



Húnavatnshreppur